

Sp. 84. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]
um aðstoð við fiskflutninga milli Þorlákshafnar, Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Flm.: Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um aðstoð við fiskflutninga milli Þorlákshafnar, Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, með það fyrir augum að veitt verði fé í þessu skyni á fjárlögum fyrir árið 1980 og eftirleiðis, þar til brú er komin á Ölfusá við Óseyrarnes.

Greinargerð.

Hafnirnar á Stokkseyri og Eyrarbakka eru gerðar fyrir báta allt að 70 tonnum. Til skamms tíma var hagkvæmt að gera út slíka báta frá þessum stöðum, en á síðustu árum hefur orðið sú þróun, að fiskafli hefur minnkað á grunniðum. Sóknin hefur því orðið miklu lengri og stærri bátar komið i stað hinna minni. Þetta hefur haft í för með sér að vaxandi hluta sjávarafla til Stokkseyrar og Eyrarbakka hefur verið landað í Þorlákshöfn og ekið til áður nefndra staða tæplega 50 km leið. Ætla má að kostnaður við að flytja fiskinn frá Þorlákshöfn til Stokkseyrar og Eyrarbakka, auk Selfoss, sé vart undir 100 milljónum á ári, miðað við verðlag í dag. Auk þess er mikill kostnaður að flytja fiskinn frá þessum stöðum til hafnar þegar hann er fluttur út. Þessi kostnaður er umfram það sem gerist í öðrum útgerðarstöðum og er því ekki við því að búast að þessir staðir geti staðið undir þessum aukakostnaði, og þess vegna er þessi tillaga flutt.

Nánar í framsögu.